

Ágrip af brjefi landshöfðingja til stiptsyfirvaldanna um lán handa presta- **97**
kalli.—Með brjefi þessu var prestinum að Hesti, sjera Arnóri Þorlákssyni, veitt leyfi til 3. okt.
 að taka 500 kr. lán upp á Hestþingaprestakall, er endurborgist á 10 árum með $\frac{1}{10}$ á
 ári auk vaxta, til þess að framhalda jarðabótum á prestssetrinu Hesti, þó svo að jarða-
 bætur þessar verði framkvæmdar svo fljótt sem verða má, eptir því sem prestinum kem-
 ur saman um við hlutaðeigandi prófast, að regluleg skoðunar- og matsgjörð, er hlutað-
 eigandi prófastur með 2 dómkvöddum mönnum framkvæmi, fram fari, þegar presturinn
 tjáir sig hafa unnið jarðabætur fyrir greint 500 kr. lán, á jarðabótum þeim, er gjörðar
 hafa verið *eptir* að umgetið lán hefur verið tekið upp á prestakallið og að presturinn
 eða bú hans, ef hann flytur frá brauðinu eða deyr áður en lánið er að fullu endurborg-
 að, borgi það af hinu ógreidda láni, sem reynist, eptir reglulegri skoðunargjörð sam-
 kvæmt framansögðu, að vera óeytt.

Reikningur

98

fyrir styrktarsjóði Kristjáns konungs hins níunda frá 1. september 1887 til 31. ágúst 1888.

Tekjur.

1. Eptirstöðvar 1. september 1887:

a. innritunarskýrteini Ltr. A. fol. 84	Kr. 8600,00	
b. í landsbankanum með sparisjóðskjörum	— 395,69	8995,69
2. Vextir af innstæðu sjóðsins:

a. af innritunarskýrteini til 11. júní 1888 á $3\frac{1}{2}\%$	Kr. 301,00	
b. af innstæðu í sparisjóði til 31. des. 1887	— 10,46	311,46
	Samtals	9307,15

Gjöld:

1. Heiðursgjafir veittar:

a. Pjetri óðalsbónda Jónssyni í Reykjahlið	Kr. 140,00	
b. Steini útvegsbónda Guðmundssyni á Eyrarbakka	— 140,00	280,00
2. Eptirstöðvar 31. ágúst 1888:

a. innritunarskýrteini Ltr. A. fol. 84	Kr. 8600,00	
b. í landsbankanum með sparisjóðskjörum	— 427,15	9027,15
	Samtals	9307,15

Landshöfðinginn yfir Islandi, Reykjavík 1. október 1888.

Magnús Stephensen.

Jón Jensson.

Ágrip

99

af reikningi yfir tekjur og gjöld Thorkillii barnaskólasjóðs árið 1887.

Tekjur:

1. Eptirstöðvar við árslok 1886:

a. Ríkisskuldabryf	kr. 29190,00	
b. Skuldabryf einstakra manna	— 37054,22	
c. Ógoldnir vextir til 11. júní 1886	— 108,00	
d. Í peningum	— 275,40	66627,62
7. dag nóvembermán. 1888.